

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/149/EB frá 27. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB að því er varðar sameiginlega öryggisvísa og sameiginlegar aðferðir við að reikna út kostnað vegna slysa ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0149:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/149/EB frá 27. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 65).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/149/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 65.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.